



Alþingi

Erindi nr. P 132/2108

komudagur 15.5. 2006

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

### Umsögn:

#### Efni: Frumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa, 666. mál.

Undirrituð hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Undirrituð fagnar því að fram skuli vera komið frumvarp sem breytir núverandi kerfi við þinglýsingar vegna skipa.

Við skoðun á frumvarpinu reyndi undirrituð að leggja mat á þær efnislegu breytingar sem frumvarpið felur í sér og hvernig framkvæmdin við þinglýsingu á skipaskjölum er í dag. Sérstaklega ber að fagna því að ekki þurfi lengur að senda frumgögn á milli embættar þegar skip flytjast á milli umdæma. Slíkt fyrirkomulag er ótryggt og eykur líkur á að skjöl tapist.

- Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að samningar um sölu á skipum fari oftast fram í Reykjavík og þurfi því að senda skjöl til þinglýsingar til mismunandi sýslumannsembættar. Þó svo að fasteigna- og skipasalar þurfi að senda skjöl til þinglýsingar á einn og sama staðinn kemur það ekki til með að breyta neinu um hraða framkvæmdarinnar. Því mun hraðinn við þinglýsingar ekki breytast verði frumvarpið að lögum. Hins vegar mun það tryggja frekar samræmi við framkvæmd þinglýsingar fari þinglýsingar allar á eitt og sama embættið. Því mun þessi breyting ekki skerða nokkuð þjónustuna við neytandann. Frekar mun hún bæta þjónustuna þar sem auknar líkur eru á að samræmi verði við þinglýsingar.
- Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að við sérstakar aðstæður megi dagbókafæra skönnuð skjöl. Breyting þessi mun fela í sér aukna þjónustu og á öryggi við þinglýsingar ekki að skerðast þar sem þinglýsing fer ekki fram fyrr en frumrit hefur borist. Sýslumenn sem taka við skjali og skanna eru þar að veita viðskiptavininum aukna þjónustu.
- Í 18. gr. frumvarpsins kemur fram að nauðungasölur skuli fara fram hjá sýslumanninum á Ísafirði. Í dag er framkvæmdin þannig að nauðungasölur á skipum fara fram á skrifstofu viðkomandi embættis. Skip geta verið erlendis, á veiðum eða í öðrum höfnum þegar auglýst uppboð fer fram. Á breytt fyrirkomulag því ekki að hafa nein áhrif á framgang uppboða á skipum. Uppboðsbeiðendur /veðhafar svo og uppboðspolar þurfa ætíð að koma sér til viðkomandi embættis þar sem uppboð fer fram vilji þeir mæta á uppboðið. Breytingin verður einungis sú að mætt verður á uppboð á Ísafirði í stað mismunandi staða um allt land. Í flestum tilfellum eru það lögmenn sem mæta á uppboð skipa og þeir eru starfandi á Ísafirði. Því ætti staðsetningin ekki að valda réttarspjöllum þó svo veður hamlaði för manna.
- Í 18. grein er tekið fram að sýslumaðurinn á Ísafirði geti ákveðið að nauðungarsala fari fram hjá öðrum sýslumann, sé sá samþykkur að taka við sölumeðferð og unnt sé að sýna fram á hagsmuni af því að salan fari þar fram.

Aðsetur:	Sími	Brefasími	Kennitala
Aðalskrifstofa, Bjölfsgötu 7, 710 Seyðisfirði	470 2100	472 1113	490169-5479
Umboðsskrifstofa, Lyngási 15, 700 Egilsstöðum	471 2430	471 2431	Bankareikningur
Umboðsskrifstofa, Lónabraut 2, 690 Vopnafirði	473 1405	473 1359	0176-26-511



## SÝSLUMAÐURINN Á SEYÐISFIRÐI

Undirrituð bendir á að þetta orðalag sé hugsanlega ekki fullnægjandi til að aðrir sýslumenn geti framkvæmt stjórnarsýsluafhöfn í sínum umdæmum sem er lögbundin sýslumannsembættinu á Ísafirði.

Bendi ég á að í 5. mgr. 6. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 segir að dómsmálaráðherra sé heimilt að setja annan löghæfan mann í stað hins reglubundna lögreglustjóra til meðferðar á einstöku máli.

Tel ég að um sambærileg tilvik séu að ræða þannig að dómsmálaráðherra þyrfti að setja annan sýslumann sérstaklega til þess að framkvæma uppboð sem byrjað hefur í öðru stjórnarsýsluumdæmi. Myndi slík ákvörðun koma í veg fyrir hugsanlegan ágreining um stjórnarsýslulega ábyrgð á framkvæmdinni. Sé sýslumaður ekki settur sérstaklega getur vaknað sú spurning hvort annar sýslumaður sé að framkvæma stjórnarsýsluafhöfn í umboði sýslumannsins á Ísafirði eða vafi verið um stjórnarsýslulega ábyrgð hans eða heimild til athafna.

Sýslumaðurinn í Seyðisfirði  
12. maí 2006

  
Astríður Grámsdóttir  


---

Aðsetur:	Sími	Bréfasími	Kennitala
Aðalskrifstofa, Bjölfsgötu 7, 710 Seyðisfirði	470 2100	472 1113	490169-5479
Umboðsskrifstofa, Lyngási 15, 700 Egilsstöðum	471 2430	471 2431	Bankareikningur
Umboðsskrifstofa, Lónabraut 2, 690 Vopnafirði	473 1405	473 1359	0176-26-511